




Starfsumhverfi fjármálafyrirtækja og samkeppnishæfni

Ársrit SFF 2019



Allur réttur áskilinn ©2019

sff.is

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra.....	5
Svipmyndir af mörkuðum	10
Sterk staða váttryggingafélaganna	40
Öryggismál í brennidepli.....	50
SFF og fjártækniþyngin	58
Fjármálavit og fræðslumál.....	68
Aðildarfélög.....	77

Starfsumhverfi og samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja

Íslensk fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir breyttum áskorunum og nýjum tækifærum um þessar mundir. Framþróun stafrænnar tækni og hin svokallaða fjártæknibylting hefur umbreytt samkeppnisumhverfi fjármálamarkaða. Fjártæknibyltingin svonefnda hefur fjölgað þátttakendum á markaðnum til muna og er að umbreyta viðskiptasambandi einstaklinga og fyrirtækja við fjármálafyrirtæki.

Það er frjór jarðvegur fyrir þessar breytingar hér á landi. Fyrir því eru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi eru Íslendingar almennt fljótir að tileinka sér stafrænar tækninýjungar; snjallsímæign er almenn og landinn sí tengdur ef svo má að orði komast. Í öðru lagi hafa verið gerðar verulegar úrbætur á stöðu neytenda á fjármálamarkaði undanfarinn áratug.

Í þessu samhengi skipta sköpum breytingar á lögum sem gera fjármálafyrirtækjum óheimilt að krefjast þess að viðskiptavinir kaupri aðra þjónustu af þeim þegar fasteignalán er tekið, hámark var sett á uppgreiðslugjald og stimpilgjöld af lánaskjölum afnumin.



**Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri
Samtaka fjármálafyrirtækja.**

Þessar breytingar hafa leitt til þess að svokallaður skiptikostnaður neytenda (e. switching costs) við að beina viðskiptum sínum frá einum stað til annars hefur lækkað verulega. Þess má geta að hár skiptikostnaður var eitt af því sem Samkeppniseftirlitið gagnrýndi í skýrslu sinni Fjármálaþjónusta á krossgötum, sem kom út árið 2013.¹ Eins og sjá má á hraðri aukningu markaðshlutdeildar lífeyrissjóðanna í fasteignalánnum hefur skiptikostnaður neytenda ekki staðið í vegi fyrir endurfjármögnun eldri fasteignalána á undanförunum árum.

Annað sem var gagnrýnt í áðurnefndri skýrslu Samkeppniseftirlitsins var miklar aðgangshindranir að veitingu fjármálaþjónustu hér á landi. Eins og fyrr er rakið í þessum kafla hefur breytt tækni og regluverk að einhverju leyti rutt þessum aðgangshindrunum úr vegi. Það sést meðal annars á fjölgun þeirra fyrirtækja sem veita einstaklingum ýmiss konar fjármálaþjónustu og auknu aðgengi þeirra að fjármálaþjónustu erlendra fyrirtækja. Flestir eru sammála um að allt bendi til þess að samkeppni á fjármálamarkaði muni aukast enn frekar í fyrirsjáanlegri framtíð og að tækniframfarir og nýjar lausnir muni gera neytendur enn betur í stakk búna til að leita bestu kjara hverju sinni.

Þessi þróun gefur fullt tilefni til að ráðast í gagngera endurskoðun á skattaumhverfi fjármálafyrirtækja. Aðildarfélag SFF keppa við lífeyrissjóði, fjártæknifyrirtæki og erlend fjármálafyrirtæki þegar kemur að veitingu fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. SFF fagna þessari samkeppni en leggja áherslu á hversu mikilvægt það er að jafna samkeppnisskilyrði milli íslenskra fjármálafyrirtækja annars

¹ Fjármálaþjónusta á krossgötum. Rit 1/2013. Samkeppniseftirlitið.

vegar og svo annarra innlendra lánveitenda á borð við lífeyrissjóði og erlendra fjármálafyrirtækja sem ekki búa við eins íþyngjandi skattaumhverfi og íslensku bankarnir hins vegar. Það sem gerir málið sérlega aðkallandi er að þátttakendum fjölgar hratt á fjármálamarkaði með tilkomu fjártæknibyltingarinnar. Til þess að íslenskir neytendur njóti þess ábata sem hin mikla framþróun sem nú á sér stað í fjármála-geiranum mun skila er ákaflega brýnt að allir þeir sem veita fjármálaþjónustu sitji við sama borð þegar kemur að samkeppnisumhverfinu.

Þrátt fyrir að SFF fagni því að stjórnvöld hafi stigið skref í átt að lækkun bankaskattsins á næstu fjórum árum benda samtökin á að afnám skattsins myndi þjóna hagsmunum ríkisins sem stærsta eigenda bankakerfisins auk þess sem viðskiptavinir bankanna gætu notið góðs af.

Inntak lífskjarasamninga þeirra sem nýverið voru undirritaðir á vinnumarkaði var meðal annars að leita leiða til að lækka vaxtastig í landinu. Mörg tækifæri eru til þess þegar kemur að rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja. Með hvítbók stjórnvalda um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið fylgja ítarleg minnisblöð frá Bankasýslu ríkisins þar sem fjallað er um fjölmarga þætti í rekstri íslenskra banka. Í þeim er einmitt fjallað um skilvirkar leiðir til þess að minnka vaxtamuninn í íslensku bankakerfi eins og til að mynda með lækkun skatta. Þá hafa Samtök fjármálafyrirtækja bent á að lægri opinber gjöld, lægri eiginfjárkröfur og aukið hagræði meðal annars með auknu samstarfi um rekstur innviða fjármálakerfisins gætu eflt samkeppnisfærni.

Mikil hagræðing hefur átt sér stað í bankakerfinu á undanförunum árum í krafti aukinnar skilvirkni og tækninýjunga. Þrátt fyrir það er markmið fjármálafyrirtækja að ná kostnaði enn frekar niður. Það er til mikils að vinna fyrir alla því hagkvæmari rekstur skilar sér í aukinni samkeppnishæfni og hagstæðari viðskiptakjörum til viðskiptavina. SFF hafa beitt sér í þessum efnum og meðal annars unnið að kortlagningu tækifæra til hagræðingar þegar kemur að sameiginlegum fjármálainnviðum. Samstarf um rekstur slíkra innviða er algengt á Norðurlöndunum og getur leitt til umtalsverðs sparnaðar.

Fjármálafyrirtæki eru í fremstu víglínu þegar kemur að vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gegna þar mikilvægu hlutverki viðvörunarkerfis sem tilkynnir stjórnvöldum um grunsemdir um brot. Það sem af er ári hafa 1700 tilkynningar um grunsamlegt athæfi vegna peningaþvættis verið sendar til stjórnvalda frá bönkum og sparisjóðum.

Mikill meirihluti þeirra tilkynninga kemur frá fjármálafyrirtækjum en auk þeirra ber fjöldi annarra lögaðila skylda til að tilkynna um grunsamlegt athæfi þegar kemur að peningaþvætti.

Það voru mikil vonbrigði þegar Financial Action Task Force setti Ísland á lista yfir þau ríki sem hafa ekki staðið við allar skuldbindingar sínar þegar kemur að vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. SFF hafa á liðnum árum bent stjórnvöldum á mikilvægi þess að standa að þessum málum með óaðfinn- anlegum hætti. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa eftir ströngum lögum og reglum

sem gilda hér á landi og á hinum sameiginlega fjármálamarkaði Evrópu og snúa að eftirliti með peningaþvætti. Aðildarfélög SFF leggja metnað sinn í að fylgja þeim og hafa á undanförnum misserum eft varnir sínar í samræmi við auknar kröfur. Atriðin sem FATF gerir athugasemdir við samkvæmt tilkynningu stjórnvalda snúa að styrkingu innviða lögreglu, setningu laga um starfsemi almannaheillafélaga, setningu laga og framfylgd eftirlits um meðhöndlun kyrrsettra fjármuna og að tryggja þurfi tímanlegan aðgang að upplýsingum um raunverulega eigendur hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Það er ákaflega brýnt að þessum málum verði kippt í liðinn þannig að FATF fjarlægji Ísland af þessum lista.

Mikil samstaða ríkir meðal vestrænna ríkja um nauðsyn samstarfs og samþættingar þegar kemur að baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þetta á sér stað í samstarfi ríkja og einnig nánari samvinnu fyrirtækja sem starfa þvert á landamæri líkt og fjármálafyrirtæki. Það er nauðsynlegt að allir – hið opinbera og einkageirinn – leggi sitt lóð á vogarskálarnar þegar kemur að þessum málum. Við treystum á að önnur ríki standi við sitt þegar kemur að vörnum gegn peningaþvætti og þau eiga að geta treyst á að við gerum hið sama.

Fjármálageirinn stendur traustum fótum og fram undan bíða mörg tækifæri sem verður að nýta til þess að hann geti sinnt sínu grundvallarhlutverki í efnahagslífinu með skilvirkum hætti þannig að heimilin og fyrirtækin njóti góðs af.

Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja.

Markmiðið með skipun starfshópsins var að skapa traustan grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanatöku um málefni er varða fjármálakerfið, framtíðargerð þess og þróun.

Svipmynd af mörkuðum

Í desember árið 2018 kynntu stjórnvöld hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið. Hvítbókin var unnin af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði í febrúar sama ár. Markmiðið með skipun starfshópsins var að skapa traustan grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanatöku um málefni er varða fjármálakerfið, framtíðargerð þess og þróun.

Í hvítbókinni er að finna yfirgripsmikla umfjöllun um þær miklu breytingar sem hafa orðið á regluverki og starfsumhverfi fjármálafyrirtækja á Vesturlöndum undanfarinn áratug og töluverður samhljómur er á milli þeirra úrbóta

sem höfundar hvítbókarinnar leggja fram og þeim áherslum sem Samtök fjármálafyrirtækja hafa talað fyrir. Á þetta sérstaklega við þegar kemur að skattaumhverfi og háum eiginfjárkröfum íslenskra fjármálafyrirtækja í samkeppnisumhverfi sem fer harðandi með hverju ári sem líður.

Barið í brestina

Fjármálakreppan sem skall á með fullum þunga haustið 2008 og afleiðingar hennar ýttu úr vör miklu umbótastarfi á regluverki fjármálamarkaða. Þetta starf hefur farið fram í alþjóðlegu samstarfi ríkja beggja vegna Atlantsála annars vegar og á vettvangi

Helstu niðurstöður og tillögur Hvítbókarinnar

- Stjórnvöld og eftirlitsaðilar nýti sér tækifæri sem felast í nýrri tækni
- Komið verði á fót miðlægum skuldagrunni
- Varnarlína vegna umfangs fjárfestingabankastarfsemi
- Aukið samstarf um trausta og hagkvæma fjármálainnviði er leið að stærðarhagkvæmni
- Lækkun sértækra skatta er skýrasta tækifæri ríkisins til að draga úr vaxtamun
- Þörf á heildstæðri og endurbættri umgjörð um neytendavernd til framtíðar
- Samkeppnissjónarmið höfð til hliðsjónar við fjármálaeftirlit
- Lausn á fortíðarvanda Íbúðalánasjóðs miði að hagkvæmni, samkeppni og virkni verðbréfamarkaða
- Vönduð og tímanleg innleiðing tilskipana er mikilvæg
- Settar eru fram til skoðunar hugmyndir til að auka virkni verðbréfamarkaða m.a. með því að opna leið fyrir nýja aðila
- Mikilvægt er að lágmarka skaðleg áhrif innflæðishafta
- Meta hvernig aðkoma lífeyrissjóða að húsnæðislánum skili sem mestum ábata
- Fjölbreytt eignarhald er til þess fallið að ná sátt og draga úr áhættu
- Nauðsynlegt að marka skýra og gagnsæja stefnu um fyrirætlanir ríkisins sem eiganda til framtíðar
- Skilgreina þarf hvað felst í samfélagslegum markmiðum ríkisins sem eiganda samkvæmt eigendastefnunni
- Mikilvægt að stjórnvöld hugi að möguleikum á að losa um eignarhluti með heildstæðum hætti
- Í takt við yfirlýsta stefnu stjórnvalda er mikilvægt að hefja sölufærlið um leið og ákvörðun liggur fyrir

Hækkun eiginfjárlutfalls felst einkum í því að innleiddir hafa verið nýir eiginfjárauvar til þess að mæta áhættustigi einstakra fyrirtækja, kerfisbundinni áhættu og hagsveiflu-tengdri áhættu.

Evrópusambandsins. Starfsumhverfi evrópskra fjármálafyrirtækja, þar með talið íslenskra, hefur mótast af þessum breytingum undanfarinn áratug.

Í fyrsta lagi er um að ræða samstarf á vettvangi alþjóðastofnana sem er ætlað að auka öryggi fjármálafyrirtækja, efla fjármálastöðugleika og endurreisa traust almennings á fjármálamörkuðum. Hér ber þó helst að telja endurskoðun hinna svokölluðu Baselreglna, en með Basel III-staðlinum hafa m.a. þrjár nýir áhættumælikvarðar litið dagsins ljós:

- Vogunarhlutfall (e. leverage ratio), sem er ætlað að draga úr skuldsetningu eða gírun fjármálakerfisins
- Lausafjárlutfall (e. liquidity coverage ratio), sem er ætlað að tryggja lausafjáreign bankastofnana
- Hlutfall stöðugrar fjármögnunar (e. net stable funding ratio), sem er ætlað að draga úr tíma-misvægi á milli eigna og skulda

Þá hafa kröfur um gæði eiginfjár og eiginfjárlutföll verið hertar. Hækkun eiginfjárlutfalls felst einkum í því að innleiddir hafa verið nýir eiginfjárauvar til þess að mæta áhættustigi einstakra fyrirtækja, kerfisbundinni áhættu og hagsveiflu-tengdri áhættu.

Í annan stað varð alþjóðlega fjármálakreppan til þess að ráðist var í viðamikla umbótavinnu á regluverki fjármálamarkaða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þar sem Ísland tilheyrir hinum sameiginlega evrópska fjármálamarkaði hafa stjórnvöld innleitt eða þurfa að innleiða allar þær tilskipanir eða reglugerðir sem eiga við um fjármálamarkaðinn. Um fjörutíu viðamiklar tilskipanir hafa tekið gildi frá árinu 2008 á EES-svæðinu og snerta þær flesta þætti í rekstri fjármálafyrirtækja. Allar þessar helstu reglubreytingar hafa þegar verið innleiddar héraendis eða eru í innleiðingarferli. Kjarninn í þeim tekur á óæskilegri áhættusækni, eflir eftirlit og gerir ríkari og strangari kröfur um eigið fé og laust fé fjármálafyrirtækja. Þá fylgir þessum



breytingum aukin innstæðuvernd fyrir sparifjáreigendur ásamt sterkari kröfu um neytendavernd og er þeim ætlað að koma í veg fyrir að skattborgarar standi straum af kostnaði vegna gjaldþrots fjármálafyrirtækis.

Séríslenskar áherslur

Allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á regluverki fjármálamarkaða í Evrópu miða að því að fjármálafyrirtæki sem starfa á hinum sameiginlega markaði starfi við sömu skilyrði þegar

kemur að lögum og reglum. Samt sem áður hafa íslensk stjórnvöld í mörgum tilfellum kosið að sigla gegn straumnum í þessum efnum og þar með skert samkeppnisfærni íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart öðrum.

Þetta birtist fyrst og fremst í afar íþyngjandi skattaumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja sem eru innan raða SFF og tilhneigingu stjórnvalda til þess að flétta séríslensk ákvæði við tilskipanir Evrópusambandsins þegar þær eru innleiddar í íslenskan rétt.

Opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2007 til 2018


– Gögn ná til allra aðildarfélaga SFF

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019*
Iðgjald Tryggingasjóðs innstæðueigenda	2.421	4.142	3.230	3.152	3.152	3.261	3.227	3.227	3.300	2.861
Sérstakur skattur v/vaxtangr. (0,0875% skulda)		1.959	2.210	0	0	0	0	0	0	0
Tryggingagjald	2.681	3.313	3.261	3.494	3.508	3.410	3.439	3.452	3.609	3.870
Tekjuskattur	20.780	12.669	7.011	9.837	14.399	15.320	15.637	13.448	13.479	12.377
Fasteignagjöld	317	328	291	224	259	211	217	284	327	286
Almennt eftirlitsgjald v. Fjármálaeftirlits	654	1.000	1.216	1.198	1.107	1.124	1.202	1.567	1.658	1.720
Gjöld vegna viðbótareftirlits	183	39	16	15	13	13	8	7	14	9
Fjármálaeftirlit samtals	837	1.039	1.232	1.218	1.120	1.137	1.213	1.574	1.672	1.729
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	994	1.006	1.089	6.424	8.425	8.562	8.745	9.086	9.620	11.039
UMS / Ráðgjafarstofa heimilanna	247	624	630	651	403	316	87	711	204	212
Fjársýsluskattur (Nú 5,5% af launum)			2.186	2.980	2.531	2.407	2.635	2.746	2.905	2.961
Sérstakur fjársýsluskattur (6% af hagnaði < 1 ma.kr.)			1.626	2.711	4.201	3.745	4.431	3.376	3.292	2.876
SAMTALS ÖLL GJÖLD	28.277	25.080	22.766	30.691	37.998	38.369	39.631	37.904	38.408	38.211

Skattar gjöld og iðgjöld til TIF

– 2010 til 2019

Opinber gjöld á fjármálageirann hafa tvöfaldast á undanförunum árum. Þar munar mest um jafna og sígandi hækkun ótekjutengdra gjalda, sem nú eru hærri en hin tekjutengdu.



	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019*
Ótekjutengd gjöld	7.497	12.411	14.129	18.143	19.398	19.304	19.563	21.080	22.169	22.958
Tekjutengd gjöld	20.780	12.669	8.637	12.548	18.600	19.065	20.068	16.824	15.982	15.253

Allar upphæðir eru í milljónum króna. Tölur eru byggðar á beinum upplýsingum frá aðildarfyrtækjum. Tölur fyrir 2019 eru að áætlaðar fyrir nokkur minni fyrirtæki. Iðgjald til TIF 2019 er byggt á dætlun sjóðsins.



Í skýrslu um skatttekjur, skatt-
rannsóknir og skattaeftirlit sem fjár-
mála- og efnahagsráðherra lagði fyrir
Alþingi fyrir tveimur árum má finna
þróun opinberra gjalda lögaðila eftir
atvinnugreinaflokkum. Þar sést glögg
að fyrirtæki í fjármála- og váttrygginga-
starfsemi bera þyngstu byrðarnar
þegar kemur að innheimtu opinberra
gjalda. Undanfarin ár hafa þau að
jafnaði verið að borga um þriðjung
allra opinberra gjalda fyrirtækja á ári
hverju.

En fjármálageirinn ber ekki
einungis langþyngstu byrðarnar þegar
kemur að greiðslu opinberra gjalda
hér á landi heldur er skattaumhverfi
hans án fordæma í evrópskum sam-
anburði. Hér á landi eru þrjú skattar
lagðir sérstaklega á fjármálafyrirtæki:
bankaskattur, fjársýsluskattur og sér-
stakur fjársýsluskattur.


Bankaskatturinn er lagður á skuldir
fjármálafyrirtækja og hefur þar af leið-
andi bein áhrif á fjármögnunarkostnað
bankanna. Skatturinn var fyrst lagður

Skatthlutfallið var hækkað í því skyni að mæta hluta kostnaðar vegna höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra fasteignalána og áformað var að tímabundin hækkun skattsins myndi ná til árána 2014–2017.



Hreinar vaxtatekjur

– og ótekjutengd gjöld viðskiptabankanna



á eftir fjármálakreppuna og hlutfallið var hækkað verulega árið 2013 og er nú 0,376% af heildarskuldum fjármálfyrirtækja. Skatthlutfallið var hækkað í því skyni að mæta hluta kostnaðar vegna höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra fasteignalána og áformað var að tímabundin hækkun skattsins myndi ná til áraanna 2014–2017. Ekki var staðið við það en fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um að skatturinn verði lækkaður niður í upphaflegt hlutfall – 0,145% – í fjórum skrefum frá og með árinu 2020.


Einkennandi fyrir skattaumhverfi fjármálfyrirtækja hér á landi er hversu stór hluti þeirra gjalda er ótekjutengdur. Þannig greiddu aðildarfélög um 22 milljarða í ótekjutengd gjöld í fyrra, á árinu 2018, en þau eru eðli málsins samkvæmt greidd óháð afkomu og rekstri.

Sértækir skattar skekkja samkeppnisumhverfið

Þrátt fyrir að útlit sé fyrir að stjórnvöld muni loks standa við áform sín

Hrein ný útlán til heimila

– hjá innlánastofnunum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði



um að lækka bankaskattinn í þrepum niður í upphaflegt hlutfall þá er ljóst að áhrif hans og annarra sértækra skatta á aðildarfélög SFF hafa verið djúpstæð á samkeppnisumhverfið og það hefur bitnað á viðskiptavinum fjármálafyrirtækja hvort sem um er að ræða heimili eða fyrirtæki.

Í umræðum um íslenskan lánamarkað er þeirri mynd gjarnan haldið á lofti að innlendir bankar og sparissjóðir séu allsráðandi á lánamarkaði. Staðreynd málsins er hins vegar sú að fjöldi

annarra fyrirtækja keppist við að veita viðskiptavinum lán og fjármögnun. Það sem skiptir máli í þessu samhengi er að þeir aðilar búa ekki við sama skattaumhverfi og aðildarfélög SFF.

Það er í krafti þessa ósanngjarna skattaumhverfis sem lífeyrissjóðir hófu sókn sína inn á íbúðalánamarkaðinn. Í kjölfar þess að bankaskatturinn var hækkaður rýmkuðu lífeyrissjóðirnir lánaskilyrði sín og lánshlutfall. Sökum þess að þeir greiða hvorki bankaskatt sé aðra skatta sem bankar og sparissjóðir



greiða hafa þeir undanfarin ár veitt tæplega helming nýrra húsnæðislána þar sem skattaumhverfið hefur gert þeim kleift að bjóða viðskiptavinum í mörgum tilfellum lægri vexti en bankarnir. Kjör lífeyrissjóðanna standa ekki öllum til boða þar sem lífeyrissjóðirnir

lána út á lægri veðhlutföll en bankarnir. Þetta þýðir með öðrum orðum að hinum eignamestu standa til boða hagstæðari kjör lífeyrissjóða sem ekki þurfa að greiða bankaskatt á meðan hinir eignaminni og fyrstu kaupendur þurfa í raun að bera bankaskattinn.

Áhersla SFF: Allir sitji við sama borð

Krafa SFF er að allir sitji við sama borð á lána-
markaði. Sé það vilji stjórnvalda halda þessari
skattheimtu til streitu ætti eitt yfir alla ganga.
En það ætti að vera markmið stjórnvalda að
efla samkeppni á lánamarkaði neytendum og
fyrirtækjum til hagsbóta. Skilvirk leið til þess
að ná því markmiði væri að afnema bankaskatt
með öllu og það myndi enn fremur leiða til þess
að vaxtastig í landinu lækki. Ef bankaskattur-
inn verður ekki afnuminn má leiða líkur að því
að óbreytt þróun verði til þess að innlendar
fjármálastofnanir verði síður færar um að veita
innlendum markaði heildstæða fjármálaþjón-
ustu.

Til lengri tíma verða áhrif bankaskatts og
annarra sérstakra skatta á fjármálafyrirtæki þau
að fasteignalán og lán til stærri (og traustari)
fyrirtækja flytjast til aðila sem ekki þurfa að
greiða þessa skatta. Sú þróun mun veikja efna-
hag innlendra lánaþyrirtækja þar sem þessi lán
eru í flokki traustari lána í lánasafni fjármála-

fyrirtækja. Rekstur og efnahagur fjármálaþyr-
irtækjanna verður því einhæfari þegar fram
líða stundir og geta þeirra til að veita stærri
fyrirtækjum fjármálaþjónustu skerðist. Fyrir
ríkið sem eiganda stórra eignarhluta í bönkum
mun þessi þróun hafa neikvæð áhrif á virði
banka og leiða til þess að arðsemi þeirra verður
minni en ella. Erfitt er að leggja nákvæmt
fjárhagslegt mat á áhrif þessara þátta þar sem
erfitt er að segja til um á þessari stundu hversu
hröð tilfærsla þessara lána verður frá fjármála-
fyrirtækjunum.

Skattaumhverfið á fjármálamarkaði skekkir
aðstæður á fleiri sviðum en á markaðnum með
íbúðalán. Auk þess að keppa við lífeyrissjóðina
um veitingu íbúðalána eiga íslenskir bankar í
harðri samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki.
Þrátt fyrir að reka hvorki útibú né dótturfélög
hér á landi eru erlend fjármálafyrirtæki með
umtalsverða markaðshlutdeild á Íslandi. Um
langt skeið hafa þau veitt stærri innlendum fyr-



irtækjum bankþjónustu. Þetta gildir um stærri sjávarútvegsfyrirtæki, ýmis stærri útflutningsfyrirtæki og orkufyrirtæki.

Undanfarin ár hafa erlend fjármálafyrirtæki verið með þriðjungshlutdeild þegar kemur að lánum til íslenskra fyrirtækja. Rétt eins og þegar fasteignalán eiga í hlut er vaxtaálag á slíkum lánum frekar lágt í samanburði við


önnur lán og þar af leiðandi eiga fjármálafyrirtæki sem greiða skatt á borð við bankaskatt af fjármögnunarkostnaði sínum erfitt með að keppa við fyrirtæki sem gera það ekki. Eins og fyrr segir þekkist bankaskatturinn vart í Evrópu og í þeim tilfellum sem hann er að finna er skattaprósentan ekki í líkingu við það sem þekkist hér.

Auk þess að keppa við lífeyrissjóðina um veitingu íbúðalána eiga íslenskir bankar í harðri samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki.

Staða útlána í vanskilum 2017-2019

– eftir gerð lántaka og fjárhæð kröfu

Heimild: Fjármálaeftirlitið



* 9M

Hærrí eiginfjárkröfur gerðar á íslenska banka

Það er ekki eingöngu skattaumhverfið sem er óhagstætt íslenskum bönkum. Þannig eru gerðar mun hærrí eiginfjárkröfur til íslenskra banka en í nágrannalöndunum. Kröfur um eiginfjárauka eru með hæsta móti hér á landi auk þess sem viðbótareiginfjárkröfur eru verulega hærrí hér en annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu. Auk þessa er vogunarhlutfall

íslenskra banka að jafnaði þrefalt hærrí en gengur og gerist meðal evrópskra banka. Undanfarnir ár hefur það verið frá 15-20% hjá íslensku bönkunum en að meðaltali ríflega 5% hjá evrópskum bönkum. Vogunarhlutfallið reiknast sem eigið fé sem hlutfall af heildareignum og benda alþjóðlegar rannsóknir til að prósentustigshækkun á vogunarhlutfalli skili sér að jafnaði í 16 punkta hækkun á útlánum til viðskiptavina.¹

¹ Sjá: <https://www.visir.is/g/2018180219483>

Hertum eiginfjárkröfum er ætlað að treysta getu fjármálafyrirtækja til þess að mæta útlánatapi án þess að það ógni fjármálastöðugleika. Óhætt er að fullyrða að geta íslenska bankakerfisins til þess að mæta niðursveiflu sé mikil. Bankarnir standast ríflega þær eiginfjárkröfur sem til þeirra eru gerðar og enn sem komið er eru vanskil lág þó svo að það kunni að breytast samhliða hægari vexti hagkerfisins.

Einn af þeim eiginfjárukum sem eru lagðir á fjármálafyrirtæki er sveiflujöfnunaraukinn. Hugsunin að baki sveiflujöfnunaraukanum er að nýta hann til þess að veða á móti óæskilegum þensluáhrifum. Almennt er talið að gæði eigna fjármálafyrirtækja geti farið versnandi í uppsveiflum í hagkerfum sem birtist svo í rýrnun eigna í niðursveiflum eða þegar verulega dregur úr hagvexti.

Hugsunin er sú að mæta þessum sveiflum með því að krefjast aukins eigin fjár í uppsveiflum, sveiflujöfnunarauka, en lækka hann þegar harðnar á dalnum. Hækkun sveiflujöfnunar-

aukans í uppsveiflu gerir dýrara að auka eignir þar sem eiginfjárbinding verður meiri og heftir þannig aukningu eigna svo sem útlánvöxt. Þá myndi aukið eigið fé búa til forða til að mæta rýrnun eigna í niðursveiflu eða þegar dregur úr hagvexti. Lækkun sveiflujöfnunaraukans í niðursveiflunni myndi svo auðvela lánastofnunum að uppfylla eiginfjárkröfur þrátt fyrir rýrnun eigna í niðursveiflunni.

Sveiflujöfnunaraukinn getur verið á bilinu 0–2,5%. Hér á landi er það Fjármálastöðugleikaráð sem leggur fram tillögu um hver sveiflujöfnunaraukinn á að vera hverju sinni en formlega er það á verksviði FME að beita honum. Í maí 2018 var sveiflujöfnunaraukinn hækkaður í 1,75% og þegar þetta er skrifað er búið að boða frekari hækkun á næsta ári en þá mun hann fara í 2%. Þar með verður sveiflujöfnunaraukinn jafn hár og í Noregi en þar hafa menn óttast útlána- og eignabólu sem gæti sprungið en sem kunnugt er slapp Noregur að mestu við afleiðingar fjármálakreppunnar 2008.

Hugsunin að baki sveiflujöfnunaraukanum er að nýta hann til þess að veða á móti óæskilegum þensluáhrifum.

SFF hafa ítrekað bent á að þessum eiginfjáruka þurfi að beita með sveigjanlegum hætti.

Hækkunin er boðuð á sama tíma og skýr merki sjást um samdrátt í efnahagslífinu. Þannig spáði Hagstofan að hagvöxtur yrði 1,7% árið 2019 en nú hefur stofnunin fært niður spána og gerir nú ráð fyrir 0,2% samdrætti á þessu ári. Á sama tíma hefur dregið mikið úr útlánavexti banka og sparisjóða.

Af þessu má sjá að verið er að hækka sveiflujöfnunaraukann á sama

tíma og skýr merki um niðursveiflu sjást. SFF hafa ítrekað bent á að þessum eiginfjáruka þurfi að beita með sveigjanlegum hætti. Sé það ekki gert er hættu á að hann verði aðeins enn einn varanlegur kostnaðarliður í rekstri fjármálafyrirtækja en verði ekki til þess að hemja eignavöxt eða búa til forða svo að mæta megi áföllum í niðursveiflu í efnahagslífinu.





Saxað á vaxtamuninn

Inntak lífskjarasamninganna sem nýverið voru undirritaðir á vinnumarkaði í vor var meðal annars að leita leiða til að lækka vaxtastig í landinu. Eins og Samtök fjármálafyrirtækja hafa bent á eru fjölmörg tækifæri í rekstrarumhverfi íslenskra banka til þess að ná niður vaxtamuninum. Þegar hvítbók stjórnvalda um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var gefin út fylgdu með minnisblöð Bankasýslunnar en þau voru skrifuð fyrir starfshópin sem vann skýrsluna.

Í minnisblöðunum er fjallað um fjölmarga þætti í rekstri íslenskra banka. Í þeim er einmitt fjallað um skilvirkar leiðir til þess að minnka vaxtamuninn í íslensku bankakerfi. Samkvæmt greiningu Banka-

sýslunnar myndi lækkun á eftirlitsgjaldi til FME um 10% ásamt helmingslækkun á fjársýsluskatti á laun annars vegar og hagnað umfram milljarð hins vegar geta lækkað vaxtamun vaxtaberandi eigna og skulda úr 2,6% niður í 2,3%. Þessi útreikningur miðast við að stjórnvöld standi við áform um að lækka gjaldhlutfall bankaskattsins úr 0,376 niður í 0,145% í jöfnum skrefum á árunum 2020–2023 en frumvarp þess efnis var lagt fram á haustþingi 2019. Til viðbótar telur Bankasýslan að lækkun eiginfjárfarfna og hagræðing sem skilar sér í lægri rekstrarkostnaði í tengslum við samstarf um rekstur sameiginlegra fjármálainnviða gæti leitt til þess að vaxtamunurinn færi niður í 2,1%.

Þegar hvítbók stjórnvalda um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var gefin út fylgdu með minnisblöð Bankasýslunnar en þau voru skrifuð fyrir starfshópin sem vann skýrsluna.

26

—

SFF

Engin rök standa því til að kostnaður við gjaldeyrisforða Seðlabankans sé að hluta eða öllu leyti borinn af innlánsstofnunum.

Bankarnir látnir greiða fyrir gjaldeyrisforðann

Álögurnar á fjármálageirann koma úr ýmsum áttum. Sumarið 2018 tilkynnti Seðlabankinn um breytingar á reglum um bindiskyldu. Breytingarnar fólu í sér að bankarnir þurfa nú að greiða hluta af kostnaði Seðlabankans við að halda úti gjaldeyrisforða og er ætlaður kostnaður bankanna við breytinguna um 600 milljarðar á ári.

Samkvæmt heimasíðu Seðlabankans er markmið breytinganna „að draga úr kostnaði Seðlabankans af framkvæmd peningastefnunnar á meðan gjaldeyrisforði er stór og vaxtamunur gagnvart útlöndum mikill. Breytingunum er ekki ætlað að breyta aðhaldsstigi peningastefnunnar“. Með öðrum orðum má segja að ætlunin sé að láta bindiskyldar lánastofnanir bera kostnað af stórum gjaldeyrisforða enda segir í frétt á heimasíðunni að „áhrifin á tekjur bankanna af þessari aðgerð [sému] á heildina litið fremur lítil en að óbreyttu gætu árlegar vaxtatekjur þeirra lækkað um sem nemur 0,02% af stærð efnahagsreiknings þeirra“.

SFF mótmæltu þessari breytingu en hafa talað fyrir daufum eyrum. Stærð gjaldeyrisforðans um þessar mundir er um 800 milljarðar króna og hefur hann vaxið á undanförunum árum, fyrst og fremst vegna stefnu Seðlabankans um að stýfa styrkingu krónunnar. Þessi forðasöfnum er ekki í neinum tengslum við þarfir innlánsstofnana. Hvorki hafa þessar stofnanir sérstakan hag af tiltekinni gengisþróun eða þörf á aðgangi að verulegum og vaxandi gjaldeyrisforða vegna sinnar starfsemi.

Engin rök standa því til að kostnaður við gjaldeyrisforða Seðlabankans sé að hluta eða öllu leyti borinn af innlánsstofnunum.

SFF benti á að kostnaður af gjaldeyrisforðanum stafi af því að vextir innanlands séu um þessar mundir hærri en vextir erlendis. Því veldur m.a. að verðbólga hér á landi hefur verið og er meiri en í nágrannalöndum. Til lengri tíma er óhjákvæmilegt að gengi krónunnar veikist til að jafna þann mun sem myndast hefur á samkeppnisskilyrðum hér og erlendis.



Uppbygging gjalddeyrisforðans og núverandi stærð hans markast ekki af hagsmunum innlánsstofnana.

Þegar það gerist mun ávöxtun gjalddeyrisforðans taka stökkbreytingum og meðan sú gengisleiðrétting gengur yfir verður ávöxtun forðans mun meiri en innlendra vaxta. Spurning er hvernig Seðlabankinn ætlar að fara með þá ávöxtun gjalddeyrisforðans. Rökrétt væri að skila henni til innlánsstofnana.

Uppbygging gjalddeyrisforðans og núverandi stærð hans markast ekki af hagsmunum innlánsstofnana. Þvert á móti markast hún af stefnu Seðlabankans í gengismálum, væntanlega með hagsmuni útflutningsgreina í huga. Engin rök eru fyrir því er að velta kostnaði af þeirri stefnu yfir á innláns-

stofnanir. Réttast er að Seðlabankinn eða ríkissjóður sem eigandi hans beri kostnað af þeirri stefnu ef einhver er.


Áskoranir í rekstrinum

Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna fyrstu níu mánuði ársins nam 26,4 milljörðum. Kvika sker sig úr þegar kemur að arðsemi eigin fjár það sem af er ári en hún nam ríflega 23% á tímabilinu. Hagnaður kerfislægu mikilvægu bankanna nam hins vegar 31,5 milljörðum árið 2018 og nam arðsemi eigin fjár 5,8% að meðaltali í fyrra. Það segir sína sögu um hversu ráðandi bankaskatturinn er fyrir reksturinn að arðsemin á fyrri helmingi

Hagnaður og arðsemi

– 2014 til 2018

Heimild: Fjármálaeftirlitið



Vöxtur var á hreinum vaxtatekjum bankanna á fyrri helmingi ársins 2019 en þær jukust um rúmlega 7% miðað við sama tímabil árið áður.

ársins hefði verið 7,7% ef skatturinn væri ekki. Vöxtur var á hreinum vaxtatekjum bankanna á fyrri helmingi ársins 2019 en þær jukust um rúmlega 7% miðað við sama tímabil árið áður. Hreinar vaxta-

tekjur nema 70% af heildartekjum bankanna. Að sama skapi fer vaxtamunurinn lækkandi. Vaxtamunur var 2,8% miðað við meðalstöðu heildareigna og var það 0,1 prósent milli ára.

Afkoma bankanna

	Arion banki	Íslandsbanki	Kvika	Landsbankinn
Eignir	1.213	1.234	114.7	1.415
Eigið fé	196	175	13.9	243.9
Kostnaðarhlutfall	56,20%	61,30%	63,80%	41,10%
Arðsemi eigin fjár	1,60%	4,70%	23,20%	7,90%
Afkoma F1-F3	3,8	6,8	1,4	14,4


Allar fjárhæðir eru í milljörðum króna.

Heimild: Kjarninn

Arðsemi miðuð við meðalstöðu eigin fjár

— samstæður kerfislega mikilvægra banka

Heimildir: Ársreikningar viðskiptabanka.



Reglulegar tekjur bankanna, þ.e. hreinar vaxta- og þóknunartekjur, nema nú tæplega 90% af heildartekjum þeirra.


Hreinar þóknunartekjur voru 15,5 ma.kr. á fyrri ársþelmingi 2019 og jukust um tæplega 1 ma.kr. miðuð við sama tímabil fyrir ári. Reglulegar tekjur bankanna, þ.e. hreinar vaxta- og þóknunartekjur, nema nú tæplega 90% af heildartekjum þeirra.

Afkoma bankanna endurspeglar þá staðreynd að efnahagshorfur í hagkerfinu hafa versnað á undanförunum misserum. Bankarnir hafa brugðist við þessari þróun með hagræðingaraðgerðum en þær eru ekki síður liður í aðgerð-

Vextir og eignir

— samstæður kerfislega mikilvægra banka

Heimildir: Ársreikningar viðskiptabanka.



30

SPR

Við síðustu áramót störfuðu 2786 manns í bönkum og sparisjóðum og voru útibú áttatíu.


um til að lækka kostnað í rekstri vegna vaxandi samkeppni á markaði. Þannig hefur starfsfólki fækkað umtalsvert í bankageiranum á undanförunum árum og á sama tíma hafa bankarnir nýtt sér framþróun stafrænnar tækni til að fækka útibúum án þess að það komi niður á þjónustu við viðskiptavini. Við síðustu áramót störfuðu 2786 manns í bönkum og sparisjóðum og voru útibú áttatíu. Árið 2010 störfuðu 3541 í bankageiranum og voru útibú 129.

Þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir hefur kostnaðarhlutfall stóru bankaanna haldist tiltölulega hátt á undanförunum árum. Bankarnir hafa aftur á móti sett sér markmið um að auka arðsemi og ná fram lækkun kostnaðar og þróunin sem af er ári bendir til að það sé að takast. Á fyrri helmingi ársins nam rekstrarkostnaður stóru bankaanna ríflega 40 milljörðum króna og lækkaði um 2% að raunvirði á milli ára. Kostnaðarhlutfall var 51%

Starfsmenn og útibú

— þróun í fjölda, 2006 til 2018

Heimild: Fjármálaeftirlitið



á fyrri árs helmingi 2019 og lækkaði kostnaðarhlutfall allra stóru bankanna um 2–4 prósent miðað við sama tímabil árið áður. Hlutfall kostnaðar af vaxta- og þóknunartekjum var tæplega 60% á fyrri árs helmingi 2019 og lækkar um rúmlega 3 prósent milli ára en hlutfallið var óbreytt miðað við árslok 2018.


Ýmislegt bendir til þess að þau markmið náist í ríkara mæli á komandi árum. Nái breytingar á hlutfalli

bankaskattsins fram að ganga mun það öðru óbreyttu styrkja rekstrargrundvöllinn auk þess sem framþróun stafrænnar tækni ásamt samstarfi bankanna um að kanna leiðir til að samnýta fjármálainnviði munu vafalaust ýta undir hagkvæmni rekstrar. Allar götur frá því að SFF fékk ráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman til þess að kortleggja hagkvæmni og tækifæri til samstarfs um samnýtingu fjármálainnviða hafa samtökin unnið

Kostnaðarhlutfall

– í hlutfalli af vaxta- og þóknunartekjum og rekstrartekjum

Heimild: Ársreikningar viðskiptabanka



að því að hrinda slíkum verkefnum í framkvæmd enda ljóst að slíkt samstarf gæti skilað miklu þegar kemur að hagræðingu í fjármálakerfinu. Í vor fengu SFF ráðgjafarfyrirtækið KMPG til þess að vinna með samtökunum að því að meta hvaða verkefni gætu skilað bestum árangri í lækkun kostnaðar fyrir kerfið í heild og á sama tíma ýtt frekar undir samkeppni og nýsköpun á markaði hér á landi. Lögð er

áhersla á að vera í góðum samskiptum við eftirlitsaðila í gegnum allt þetta ferli svo að það geti leitt til farsællar niðurstöðu.

Bankakerfið á traustum stoðum

Eignir bankakerfisins námu ríflega 3900 milljörðum í september. Bankakerfið nemur því margfeldi einnar og hálftrar landsframleiðslu. Íslenska bankakerfið er því mun minna í snið-



Hár eftirlitskostnaður

Þrátt fyrir að íslenska bankakerfið sé mun smærra og einfaldara í sniðum en það var fyrir fjármálakreppuna hefur umfang eftirlits með því vaxið mikið og kostnaður einnig. Þannig greiða aðildarfélög SFF tæplega 2 milljarða króna í eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins á þessu ári og hefur gjaldið hækkað um hálfan milljarð frá árinu 2005. Þegar SFF sendu inn umsögn um frumvarp til laga vegna sameiningar Seðlabankans


og FME lögðu samtökin mikla áherslu á að sameiningin yrði nýtt til þess að kanna leiðir til hagræðingar. SFF leggja mikla áherslu á að eftirlit með fjármálamarkaði sé sem skilvirkast.

Þá greiða aðildarfélög SFF einnig fyrir rekstur Umboðsmanns skuldara auk þess sem innlánaframtækinn innan raða samtakanna greiða um 3,3 milljarða til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. Framlagið hefur

Skipting eigna

– samstæður kerfislega mikilvægra banka

Heimild: Seðlabanki




þó nýlega verið lækkað. Þá hafa SFF á undanförunum árum bent á að full þörf er á að endurskoða iðgjöld aðildarfélaganna til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda vegna lögfestingar nýrrar tilskipunar ESB um skil og slit fjármálafyrirtækja. Þann 18. júní var lögfest breyting á iðgjöldum til TIF. Markmið laganna er að breyta iðgjaldagreiðslum til TIF til samræmis við breytt reglu- og eftirlitsumhverfi, eignastöðu TIF og væntanlegar ávöxtunar af eignum TIF. Með upphaflegu frumvarpi var lagt til að almennt iðgjald myndi lækka

úr 0,225% af iðgjaldagrunni á ársgrundvelli í 0,16% en að áfram yrði miðað við óbreyttan iðgjaldagrunn sem gjaldstofn. Jafnframt var lagt til að gjaldið á ársfjórðungslegum gjalddögum lækki til samræmis úr 0,05625% í 0,04%. SFF bentu á að ekki væri nógu langt gengið í lækkun iðgjaldsins. Í meðferð þingsins voru gerðar þær breytingar að gjaldið var lækkað úr 0,225% á ári af öllum innstæðum í 0,02% á ári af öllum innstæðum upp að 10 milljörðum kr. en 0,16% af innstæðum umfram það.

Eiginfjárhlutföll þáttar 1

– hjá kerfislega mikilvægum bönkum á Íslandi í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P Global Market Intelligence.



* 9M

Lántökur og skuldir eru þriðjungur af fjármögnun bankanna og eigið fé um fimmtungur. Eigið fé er 17% af fjármögnun bankakerfisins.

um í dag en gengur og gerist í Evrópu. Þegar horft er til eignasamsetningar stóru viðskiptabankanna sést að hún er býsna einföld. Langstærsti hluti eignanna liggur í útlánum til viðskiptavina.

Viðskiptabankarnir þrír eru fjármagnaðir að stærstum hluta með innlánum viðskiptavina en þau eru helmingur af heildarfjármögnun bankakerfisins. Skuldabréfaútgáfa bankanna hefur verið vaxandi á undanförunum árum meðal annars


vegna greiðara aðgengi að erlendri fjármögnun. Lántökur og skuldir eru þriðjungur af fjármögnun bankanna og eigið fé um fimmtungur. Eigið fé er 17% af fjármögnun bankakerfisins.

Þegar efnahagsreikningur bankanna er skoðaður sést að nánast öll starfsemi þeirra snýst um hefðbundna lánastarfsemi. Það sést enn fremur á þeirri staðreynd að hreinar vaxta- og þóknunartekjur standa undir 90% af heildartekjum bank-

Vaxtamunur, meðaltal

— hjá kerfislega mikilvægum bönkum á Íslandi í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P Global Market Intelligence.



* 9M

Fjármögnun bankanna er traust. Samanlagt eiginfjárlutfall þeirra er 22,6% eða sem nemur 612 milljörðum króna.

35

S&P

anna. Samkvæmt Seðlabankanum námu heildareignir bankanna 3900 milljörðum króna í ágústlok. Þar af námu útlán til fyrirtækja og heimila um 3000 milljörðum króna.

Aðrar veigamiklar eignir bankanna eru bundnar í lánnum til annarra fjármálafyrirtækja, lausafé í Seðlabankanum og í markaðsskráðum skuldabréfum sem eru gefin út af opinberum aðilum. Þessar eignir endurspeglar ríflega lausafjárstöðu bankanna. Alls nema eignir bank-


anna í innlendum hlutabréfum öðrum en dótturfélögum um 70 milljörðum króna.

Fjármögnun bankanna er traust. Samanlagt eiginfjárlutfall þeirra er 22,6% eða sem nemur 612 milljörðum króna. Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að eiginfjárlutfall bankanna sé á bilinu 19–20,7% og er því hlutfallið að jafnaði einu prósentu yfir kröfu FME þegar bóúð er að taka tillit til stjórnendaauka. Vögunarhlutfall bankanna var 14%

Arðsemi eigin fjár

– hjá kerfislega mikilvægum bönkum á Íslandi í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P Global Market Intelligence.



* 9M

Í lok júní samkvæmt Seðlabankanum og er hlutfallið það hæsta sem þekktist í Evrópu. Að meðaltali er vagnarhlutfall banka á evrópska efnahagssvæðinu 5,4%. SFF hafa bent á að miðað við gæði eignasafna bankanna og þróun útlána sé vagnarhlutfallið óþarflega hátt. Því hærra sem vagnarhlutfallið er þeim mun meira fé þarf að leggja til hliðar á móti útlánum og þar af leiðandi hefur hlutfallið áhrif á fjármögnunarkostnað og þar með kostnað við lánastarfsemi.

Íslensku bankarnir í alþjóðlegu samhengi


Í stórum dráttum er staða íslenska bankakerfisins traust. Rekstrarafkoma bankanna er farin að mótast í ríkara mæli af reglulegri starfsemi. Á fyrstu árunum eftir endurreisn þeirra settu óreglulegir liðir mark sitt á afkomuna. Arðsemin af starfseminni er því orðin svipuð og gerist hjá evrópskum bönkum en að sama skapi er arðsemi eigna íslensku bankanna meiri en gengur og gerist á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu.

Kostnaðarhlutfall íslensku bankanna er þannig sambærilegt við það sem gerist hjá sambærilegum bönkum á Norðurlöndum. Útlán sem hlutfall af innstæðum er hins vegar umtalsvert hærra hjá íslensku bönkunum en hjá stórum evrópskum bönkum og norrænum bönkum sem eru af svipaðri stærðargráðu og þeir íslensku. Þessi trausta staða bankanna, ásamt góðu lánshæfismati ríkissjóðs í kjölfar afnáms hafta, hefur greitt fyrir aðgengi íslensku bankanna að erlendum skuldabréfa-

Arðsemi eigna

– hjá kerfislega mikilvægum bönkum á Íslandi í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P Global Market Intelligence.



* 9M

mörkuðum og hefur leitt til þess að vægi markaðsfjármögnunar hefur aukist þó svo að bankarnir séu enn að stærstum hluta fjármagnaðir með innlánnum eins og áður sagði.

Í minnisblöðum Bankasýslunnar sem fylgdu áður nefndri Hvítbók stjórnvalda um fjármálageirann er að finna ítarlegan samanburð á rekstri íslensku bankanna annars vegar og sambærilegra banka í Norður-Evrópu og Bandaríkjunum hins vegar. Eins og flestir vita sem fylgjast með dægmálaumræðunni hér á landi er

því oft haldið fram að vaxtamunur íslenskra banka sé sá mesti sem fyrirfinnst á byggðu bóli og að þókn-anatekjur sem þeir innheimta séu óeðlilega háar.


Samanburður Bankasýslunnar sýnir að slíkar fullyrðingar eiga ekki við rök að styðjast. Samanburðurinn leiðir til að mynda í ljós að munurinn á meðaltalsvöxtum á vaxtaberandi eignum og skuldum íslenskra banka er lægri en norður-evrópskra banka af sambærilegri stærð og bandarískra banka.

Vaxtamunurinn er minni hjá íslenskum bönkum en sambærilegum bönkum í Norður-Evrópu og litlu meiri en í bandarískum bönkum en þeir borga alla jafna ekki vexti af innstæðum.

Kostnaðarhlutfall, meðaltal

– hjá kerfislega mikilvægum bönkum á Íslandi í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P Global Market Intelligence.




* 9M

Útlán sem hlutfall af innstæðum

– hjá kerfislega mikilvægum bönkum á Íslandi í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P Global Market Intelligence.




* 9M

Útlán sem hlutfall af eignum

– hjá kerfislega mikilvægum bönkum á Íslandi í samanburði við banka í Evrópu

Heimild: S&P Global Market Intelligence.



* 9M

Það sama er upp á teningnum þegar horft er til mismunar vaxta á út- og innlánnum. Vaxtamunurinn er minni hjá íslenskum bönkum en sambærilegum bönkum í Norður-Evrópu og litlu meiri en í bandarískum bönkum en þeir borga alla jafna ekki vexti af innstæðum.

Eins og fram kemur í minnisblaðinu námu hreinar þóknunartekjur íslensku bankanna 26,1% af vaxtatekjum og 17,7% af rekstrartekjum þeirra árið 2017. Er þetta umtalsvert lægra hlutfall en hjá

þeim evrópsku bönkum sem voru hafðir til samanburðar.

Bankasýslan nefnir að í starfsemi alhliða banka á borð við þá íslensku sé almennt miðað við að sú starfsemi sem aflar þóknana- eða þjónustutekna standi undir launakostnaði. Það er ekki tilfellið hjá íslensku bönkunum en þóknunartekjur þeirra stóðu einungis undir 63,6% af launakostnaði árið 2017. Er það umtalsvert lægra hlutfall en hjá þeim bönkum sem voru hafðir til samanburðar. ■

Vátryggingarekstur
einkennist oft
af sviptivindum sem
breytast frá einu
ári til annars.

Sterk staða vátryggingafélaganna

Íslensku vátryggingafélögin standa á sterkum stöðum um þessar mundir og eru vel í stakk búin til að sinna grundvallarhlutverki sínu á fjármála-markaði: að dreifa áhættu í hagkerfinu ásamt því að vera mikilvæg tannhjól í gangvirki efnahagskerfisins þegar kemur að fjárfestingum og að halda uppi virkni á verðbréfamörkuðum.


Vátryggingarekstur einkennist oft af sviptivindum sem breytast frá einu ári til annars. Það er því mikilvægt að fyrirtæki í slíkum rekstri séu vel fjármögnuð og búi að góðum grunnrekstri. Það sést þegar helstu kennitölur vátryggingafélaga eru skoðaðar.

Afkoma af vátryggingafélaga versnaði almennt á árinu 2018. Samanlagður hagnaður vátryggingafélaganna fjögurra nam 4,6 milljörðum króna í fyrra. Samanlagður hagnaður nam hins vegar 7,5 milljörðum króna árið 2017. Helsta ástæðan fyrir verri afkomu er að tjónin jukust mikið á milli ára, eða sem nemur um 14%, en á sama tíma hækkuðu iðgjöld aðeins um 5% milli ára. Þá drógust tekjur vegna fjárfestingarstarfsemi saman milli ára. Fyrstu níu mánuði ársins nam samanlagður hagnaður Sjóvá, TM og VÍS – það er að segja þeirra vátryggingafélaga sem eru skráð í Kauphöll – ríflega 6,3 milljarðar króna.


Afkoma skráðra tryggingafélaga

— á þriðja ársfjórðungi 2019


Hagnaður



Samsett hlutfall



Arðsemi eigin fjár



Heimild: Ársreikningar Sjóvá, TM og VÍS.

Þrátt fyrir að afkoman hafi versnað milli ára er það til marks um traustan rekstur váttryggingafélaganna að hið svokallaða samsetta hlutfall hefur lækkað hratt og örugglega á undanförunum árum. Samsetta hlutfallið er aðalkennitala eða mælikvarði á afkomu váttryggingafélaga en það samanstendur af tjónakostnaði, endurtryggingarkostnaði og rekstrarkostnaði váttryggingafélaga sem hlutfalli af iðgjöldum. Ef samsett hlutfall er hærra en 100% er rekstrar-, tjóna- og endurtryggingarkostnaður hærri en

iðgjöld viðkomandi tryggingafélags.

Á undanförunum árum hefur samsetta hlutfallið lækkað. Þannig var það að meðaltali 103,6% árið 2015 en útkoma ársins 2018 um 98% samkvæmt ársreikningum váttryggingafélaganna.

Á sama tíma endurspeglar gjaldþols- hlutfall váttryggingafélaganna einnig trausta stöðu og styrk til þess að mæta áföllum í rekstri. Gjaldþol er það fjármagn sem váttryggingafélag þarf að hafa tiltækt til að mæta óvæntum áföllum sem ekki er gert ráð fyrir í váttryggingaskuld þess. Gjaldþol er í raun allt það

eigið fé sem uppfyllir ákveðin skilyrði um aðgengileika. Áhættumiðaðar gjaldþolskröfur fela í sér að áhættusækni og áhættustýring váttryggingafélaga endurspeglast í gjaldþolskröfunni.


Í fyrra var gjaldþolshlutfall váttryggingafélaganna 1,6 að meðaltali en það telst vera ákaflega sterkt í evrópsku samhengi. Samanlagðar eignir váttryggingafélaganna á Íslandi námu 147 milljörðum við árslok 2018 og lækkuðu þær lítillega á árinu. Alls námu eignir váttryggingafélaganna

umfram skuldbindingar ríflega 48 milljörðum króna við árslok 2018. Þegar horft er til tegundaflokkunar eigna váttryggingafélaganna sést að eignasafn þeirra er íhaldssamt og traust.

Tæplega helmingur eignanna er bundinn í ríkisskuldabréfum og fyrirtækjaskuldabréfum. Þá er um þriðjungur bundinn í sjóðum eða fyrirtækjum sem eru rekin um sameiginlegar fjárfestingar. Um 30 milljarðar af um 113 milljörðum eru bundnir í hlutabréfum fyrirtækja.

Tegundaflokkun eigna

– tryggingafélaganna



Þróun váttryggingagreina

2009 til 2018

Heildariðgjöld sem váttryggingafélögin innheimtu árið 2018 vegna skaðatrygginga námu tæpum 60 milljörðum króna árið 2018. Að sama skapi greiddu félögin út tæpa 50 milljarða vegna tjóna á því ári. Frá árinu 2016 hafa váttryggingafélögin greitt á bilinu 40 til 50 milljarða í bætur til viðskiptavina sinna vegna tjóna á ári hverju.

Þróun á tjónaupphæðinni ræðst ekki eingöngu af fjölda og alvarleika

tjóna. Einnig eru greidd út tjón vegna slysa á fólki og ræðst þá tjónaupphæðin meðal annars af skertri starfsgetu og þeim tíma sem hinn slasaði er frá vinnu.


Veigamesti tryggingaflokkurinn eru ökutækjatrýggingar en heildariðgjöld vegna frjálstra og lögboðinna ökutækjatrýgginga námu um 34 milljörðum 2018 eða sem nemur ríflega helmingi af heildariðgjöldum. Tjón vegna ökutækjatrýgginga námu aftur á móti 28,5 milljörðum. Afkoma váttryggingafélag-

anna af ökutækjatrýggingum í fyrra nam 1,4 milljörðum en 2017 var fyrsta árið frá árinu 2013 sem skilaði hagnaði af ökutækjatrýggingum. Á árunum 2014 til 2016 nam tap af ökutækjatrýggingum 1,6 milljörðum.

Heildartjón vegna ökutækjatrýgginga nam eins og fyrr segir 28,5 milljörðum árið 2018. Tjón vegna þessa tryggingaflokks hafa aukist mikið á undanförunum árum en ástæður þess má meðal annars rekja til aukins umferðarþunga vegna

Tjón- og iðgjaldabróun

– tryggingafélaganna




Tjón vegna ökutækjatrýgginga námu aftur á móti 28,5 milljörðum. Afkoma váttryggingafélaganna af ökutækjatrýggingum í fyrra nam 1,4 milljörðum en 2017 var fyrsta árið frá árinu 2013 sem skilaði hagnaði af ökutækjatrýggingum.

Þróun umferðarslysa

– eftir alvarleika

Heimild: Samgöngustofa



Launavísitalan hækkaði um 76% á tímabilinu en á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 28,5%.

fjölgunar ferðamanna og versnandi ástands vegakerfisins. Árið 2012 námu tjón váttryggingafélaganna vegna umferðarslysa um 17 milljörðum og hafa því tjón aukist um 40% á þessu tímabili.

Iðgjöld sem váttryggingafélagin innheimta hafa hækkað um 70% á árunum 2009 til 2018. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst tvíþætt: Veruleg aukning hefur orðið vegna tjóna og kostnaður hefur jafnframt

aukist vegna laukahækkana og þar af leiðandi hærri bóta vegna slysa. Launavísitalan hækkaði um 76% á tímabilinu en á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 28,5%.

Minni sveiflur voru á öðrum flokkum váttryggingagreina á árunum 2009 til 2018 þegar horft er yfir sviðið í heild. En eðli margra þessara tryggingaflokka er þannig að einstakir viðburðir geta breytt afkomunni mikið frá ári til árs.

Baráttan gegn vátryggingasvikum

Vátryggingasvik eru alvarlegt þjóðfélagsmeið og eru oft stunduð í tengslum við skipulagða glæpastarfsemi. Erlendar rannsóknir meta kostnað vegna vátryggingasvika á bilinu 7–10% af greiddum bótum á ári hverju. Árið 2018 greiddu íslensku vátryggingafélögin tæpa 50 milljarða til viðskiptavina sinna. Sé miðað við sömu áætluðu tíðni vátryggingasvika og í nágrannalöndunum má gera ráð fyrir að um 10% greiddra tryggingabóta séu vegna vátryggingasvika. SFF hafa ekki vitneskju um fjölda svika hér á landi en ef tíðnin er sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum má gera ráð fyrir að vátryggingasvik nemi ekki undir 3 milljörðum króna á hverju ári hér á landi. Í könnun sem SFF lét gera árið 2011 kom fram að 14,2% aðspurðra vita um vátryggingasvik síðastliðna 12 mánuði og rennir það enn styrkari stoðum undir þá ágiskun að tíðni vátryggingasvika hér á landi sé í sambærilegu hlutfalli við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Ný umferðarlög, lög um dreifingu vátrygginga og breyting á lögum um vátryggingasamninga

Þann 11. júní 2019 samþykkti Alþingi ný umferðarlög nr. 77/2019 sem taka munu gildi þann 1. janúar næstkomandi. Töluverður aðdragandi hefur verið að setningu laganna en frumvarpið sem lagt var fyrir þingið þann 11. október 2018 byggir á vinnu sem nær aftur til ársins 2007. Eitt meginmarkmið frumvarpsins var að stuðla að auknu umferðaröryggi en efnahagsleg áhrif umferðarslysa eru gífurleg þar sem talið er að um 1-5% af vergri þjóðarframleiðslu ríkja heims glatist vegna umferðarslysa. Sem liður í auknu umferðaröryggi fer leyfilegt hámarks magn vínanda í blóði öku-
manns úr 0,5 % í 0,2 % við gildistöku. Lögin taka einnig í meira mæli tillit til vegfarenda sem fara leiðar sinnar á reiðhjólum og bifhjólum. Nauðsynlegt þótti einnig að færa ýmis gildandi ákvæði til nútímalegra horfs með því að taka mið af reynslu síðastliðinna áratuga og þróunar í umferðar- og tæknimálum.

Réttindi þeirra sem skráðir eru í grunninn eru tryggð og getur fólk fengið aðgang að yfirliti yfir uppfléttingar um sig í grunninum í gegnum þjónustuvef Creditinfo.



Tjónagrunnur vátryggingafélaganna

Í ársbyrjun 2019 var tekinn í notkun svokallaður tjónagrunnur sem er áhrifaríkt tól í baráttunni gegn skipulögðum tryggingasvikum hér á landi.

Heimildir vátryggingafélagana til að rannsaka og koma upp um tryggingasvik eru mjög takmarkaðar og því verður grunnurinn mikilvægt verkfæri til að greina óvenjulegar tjónatilkynn-

ingar. Á meðal þess sem verður hægt að sjá í tjónagrunninum er hvort sama tjón hafi fengist greitt út hjá fleiru en einu tryggingafélagi, en slíkt flokkast sem fjársvik ef ekki er um réttmætar ástæður að ræða.

Í grunninn eru skráð þau tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélagana að undanskildum tjónum



sem falla undir líf- og sjúkdómatryggingar. Samtök fjármálafyrirtækja eru rekstraradili tjóna-grunnnsins samkvæmt heimild frá Persónuvernd en fyrirtækið Creditinfo er vinnsluaðili grunnnsins. Grunnurinn er aðskilinn frá öðrum rekstri Creditinfo og óheimilt er að nýta sér upplýsingar úr honum í öðrum tilgangi en þeim að stemma stigu við tryggingasvikum. Upplýsingarnar sem eru skráðar í grunninn eru kennitala tjónþola, númer máls, tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetning tjóns, dagsetning skráningar í

grunninn, nafn viðkomandi vátryggingafélags, staðsetning tjóns og númer hins tryggða, svo sem ef um er að ræða ökutæki.

Réttindi þeirra sem skráðir eru í grunninn eru tryggð og getur fólk fengið aðgang að yfirliti yfir uppflettingar um sig í grunninum í gegnum þjónustuvef Creditinfo. Hægt er að gera athugasemdir við uppflettingar, krefjast leiðréttingar á upplýsingum séu þær ekki réttar eða jafnvel eyðingu upplýsinganna ef málefnalegar ástæður liggja að baki.

Áður þurfti að
 biða í heilt ár
 eftir „glugga“
 til að segja upp
 samningnum
 en samningar
 framlengdust þá
 um eitt ár væri
 þeim ekki sagt upp
 a.m.k. mánuði áður
 en þeir runnu út.



Lög um dreifing váttrygginga nr. 62/2019 voru samþykkt af Alþingi 7. júní 2019 og tóku gildi þann 3. júlí síðastliðinn. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um dreifingu og miðlun váttrygginga (e. IDD, the Insurance Distribution Directive). Megintilgangur regluverksins er að samræma reglur fyrir alla þá sem selja váttryggingaafurðir, jafna samkeppnisskilyrði og auðvelda frjálst flæði á þessum markaði.

Í apríl síðastliðnum samþykkti Alþingi breytingar á lögum um váttryggingasamninga nr. 30/2004 sem

tóku gildi þann 1. ágúst 2019. Með breytingunni var sá hluti tilskipunar Evrópusambandsins um dreifingu og miðlun váttrygginga sem snýr að upplýsingaskyldu þeirra sem dreifa váttryggingum lögfest. Þessi ákvæði tilskipunarinnar þóttu eiga best heima í lögum um váttryggingasamninga. Dreifingaraðilar eru váttryggingamiðlarar, váttryggingafélög, váttryggingaumboðsmenn og aðilar sem selja váttryggingu sem aukaafurð en upplýsingaskylda þeirra sem dreifa er nú ítarlegri sem stuðlar að aukinni neytendavernd á markaðinum. ■

Eignatryggingar

Allar upphæðir eru í milljóðum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17	'18
Eigin iðgjöld	8,091	8,877	9,228	10,022	9,794	9,895	10,022	11,004	11,773	12,501
Eigin tjón	-6,076	-6,133	-5,825	-5,629	-5,185	-6,746	-7,060	-7,652	-7,481	-10,158
Rekstrarkostnaður	-1,705	-1,997	-2,116	-2,371	-2,233	-2,280	-2,180	-2,917	-3,081	-2,884
Fjármunatekjur	0,557	0,354	0,488	0,459	0,466	0,324	0,450	0,397	0,440	0,329
Afkoma af tryggingastarfsemi	0,761	0,997	1,674	2,387	2,707	1,065	1,069	0,832	1,652	-0,006

Sjó-, flug- og farmtryggingar

Allar upphæðir eru í milljóðum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17	'18
Eigin iðgjöld	1,716	2,142	2,185	2,283	3,506	2,849	3,967	3,286	5,252	2,696
Eigin tjón	-1,719	-1,219	-1,782	-1,586	-2,104	-1,992	3,128	-1,964	-3,445	-2,257
Rekstrarkostnaður	-0,393	-0,426	-0,506	-0,526	-0,558	-0,637	0,154	-0,786	-1,318	-0,576
Fjármunatekjur	0,172	0,103	0,172	0,098	0,104	0,048	0,167	0,114	0,149	0,049
Afkoma af tryggingastarfsemi	-0,229	0,600	0,068	0,163	0,062	0,268	0,729	0,649	0,637	-0,083

Ökutækjatrýggingar

Allar upphæðir eru í milljóðum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17	'18
Eigin iðgjöld	19,999	20,121	20,174	20,934	21,340	21,774	23,152	26,607	30,789	34,397
Eigin tjón	-17,069	-16,195	-16,249	-15,945	-15,931	-17,767	-20,405	-23,043	-25,000	-28,531
Rekstrarkostnaður	-3,888	-4,249	-4,451	-4,836	-5,067	-4,978	-5,097	-5,524	-6,005	-5,716
Fjármunatekjur	2,902	1,707	2,250	1,889	1,551	1,377	1,672	1,673	1,876	1,161
Afkoma af tryggingastarfsemi	1,651	1,152	1,493	1,857	1,541	0,056	-1,010	-0,287	1,661	1,445

Ábyrgðartryggingar

Allar upphæðir eru í milljóðum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17	'18
Eigin iðgjöld	1,985	2,041	2,262	2,495	2,556	2,310	2,432	2,848	3,174	3,624
Eigin tjón	-2,263	-2,050	-2,009	-1,950	-2,085	-1,859	-1,692	-2,751	-1,764	-2,589
Rekstrarkostnaður	-0,530	-0,539	-0,623	-0,663	-0,514	-0,496	-0,526	-0,673	-1,413	-0,631
Fjármunatekjur	0,526	0,399	0,427	0,427	0,004	0,331	0,004	0,908	0,419	0,323
Afkoma af tryggingastarfsemi	-0,279	-0,153	0,305	0,305	-0,075	0,282	0,317	0,332	0,416	0,497

Slysa- og sjúkratryggingar

Allar upphæðir eru í milljóðum króna.

	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17	'18
Eigin iðgjöld	4,367	4,696	5,074	5,360	5,521	4,934	5,370	5,926	6,065	6,774
Eigin tjón	-4,303	-4,247	-4,518	-4,608	-4,863	-3,740	-4,472	-5,558	-5,262	-5,398
Rekstrarkostnaður	-0,816	-0,897	-1,085	-1,102	-1,314	-1,254	-1,192	-1,213	-1,230	-1,267
Fjármunatekjur	0,870	0,625	0,628	0,628	0,008	0,424	0,008	0,529	0,629	0,471
Afkoma af tryggingastarfsemi	0,109	0,165	0,253	0,253	-0,475	0,331	0,197	-0,317	0,202	0,716

**Fjármálafyrirtæki
hafa verið í
fararbroddi þegar
kemur að vörnum
gegn netárásum og
tölvuglæpum enda
skiptir það þau
höfuðmáli að geta
tryggt öryggi gagna
viðskiptavina sinna.**

Öryggismál í brennidepli

Á undanförnum árum hefur öryggi viðskiptamanna fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja verið í vaxandi mæli ógnað vegna tilrauna til netárása svo sem auðkennisstuldar og annarra tölvuglæpa. Eðli netárása og innbrota hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár, þar sem skipulögð glæpasamtök hafa tekið við sem gerendur í slíkum brotum, og árásartækni, viðkvæmar upplýsingar og gagnabýfi eru orðin að torrekjanlegri söluvöru á svörtum alþjóðlegum markaði.

Fjármálafyrirtæki hafa verið í fararbroddi þegar kemur að vörnum

gegn netárásum og tölvuglæpum enda skiptir það þau höfuðmáli að geta tryggt öryggi gagna viðskiptavina sinna. Að sama skapi skiptir upplýsingaöryggi miklu máli fyrir traust. Þannig má segja að fjármálafyrirtæki séu í fremstu víglinu þegar kemur að baráttunni gegn tölvuglæpum og sökum mikilvægis þeirra fyrir hagkerfi heims eru sérfræðingar þeirra í þessum málum með puttann á púlsinum þegar kemur að nýjum leiðum glæpamanna til að nýta sér upplýsingatækni til glæpsamlegs athæfis.

Á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja er starfræktur



öryggishópur aðildarfélaganna. SFF hefur fyrir hönd hópsins undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu til þess að vera vettvangur samstarfs tækni- manna til að sporna gegn netárásum og tölvusvikum. Samstarfið felur meðal annars í sér að sérfræðingum aðildarfélaganna er heimilt að skiptast á upplýsingum sem tengjast tilraunum til netglæpa á sameiginlegum vettvangi. Reyndar hefur slíkt samstarf

verið í auknum mæli að færa sig þvert á landamæri en sum íslensk fjármála- fyrirtæki hafa gengið til liðs við Nordic Financial Cert á undanförnum miss- erum.

Eitt af meginmarkmiðum öryggis- hóps SFF – sem er skipaður sér- fræðingum aðildarfélaganna í öryggis- málum – á undanförnum árum hefur verið að efla alþjóðatengsl og miðla lærdómi annarra ríkja hér á landi.

Þrátt fyrir að Íslendingar standi frammi fyrir fjölda tegunda netsvika og tölvuglæpa vekur tíðni einnar þeirra á undanförunum árum sérstaklega miklar áhyggjur.

SFF eiga í nánú samstarfi við systur-samtökin á Norðurlöndum í þessum málum og sækja sérfræðingar öryggis-hópsins reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðu mála.

Tapið á annan milljarð

Þrátt fyrir að Íslendingar standi frammi fyrir fjölda tegunda netsvika og tölvuglæpa vekur tíðni einnar þeirra á

undanförunum árum sérstaklega miklar áhyggjur. Um er að ræða þá tegund netglæpa sem kallast stjórnendasvik (e. CEO-Freud) en þau fela í sér að óprútt-ir aðilar villa á sér heimildir, þykjast vera stjórnendur í fyrirtækinu sem svikatil-raunin beinist gegn og senda trúverðug fyrirmæli á starfsmenn um að millifæra fé með hraði. Samkvæmt upplýsingum frá lögregluþvöfundum er tap vegna





Illá fengið fé getur t.d. átt uppruna sinn í fíkniefnabroti, stórfelldu skattabroti eða auðgunarbroti.

Hvað er peningaþvætti?

Talað er um að hvítþvo fjármuni eða peningaþvætti þegar uppruni fjár sem er illá fengið er hulinn eða honum leynt svo að fjármunanna virðist hafa verið aflað með löglegri starfsemi. Illá fengið fé getur t.d. átt uppruna sinn í fíkniefnabroti,

stórfelldu skattabroti eða auðgunarbroti. Með því að leynd uppruna fjár vegna slíkra brota er komið í veg fyrir að upp komist um eignarhald þess en aðilum engu að síður gert kleift að nota það án grunsemda.

Ljóst er að stjórnendur íslenskra fyrirtækja þurfa að vera meðvitaðir um þessa ógn en hún spyr hvorki um stærð né veltu fyrirtækja.

netárása á Íslandi 1,6 milljarðar á undanförunum tólf mánuðum.

Forvarnir tryggasta vörnin

Hafa verður í huga að þrátt fyrir að fjármálafyrirtæki séu vissulega í fremstu víglínu þegar kemur að baráttunni gegn netglæpum hafa þau fá úrræði til að grípa til ef fyrirtæki sendir greiðslur vegna falsaðra fyrirmæla. Fáar varnir duga gegn stjórnendasvikum aðrar en þær sem fást með fræðslu og forvörnum.

Þegar þróun undanfarinna ára er skoðuð sést glögglega að tjónið vegna stjórnendasvika hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum. Afnám gjaldeyrishafta skýrir það að hluta en á sama tíma er ljóst að tilraunirnar verða sífellt meira sannfærandi og fyrirmælin eru send frá trúverðugum netföngum og skrifuð á sannfærandi íslensku. Ljóst er að stjórnendur íslenskra fyrirtækja þurfa að vera meðvitaðir um þessa ógn en hún spyr hvorki um stærð né veltu fyrirtækja. Sem fyrr segir er fræðsla og forvarnir helsta vörnin gegn stjórnendasvikum.





Á gráan lista

Fjármálafyrirtæki eru í fremstu víg-
línu þegar kemur að vörnum gegn pen-
ingaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
og gegna þar mikilvægu hlutverki
viðvörðunarkerfis sem tilkynnir stjórn-
völdum um grunsemdir um brot. Það
sem af er ári hafa bankar og sparisjóðir
sent stjórnvöldum 1700 tilkynningar
um grunsamlegt athæfi vegna pen-
ingaþvættis. Mikill meirihluti tilkynn-
inga kemur frá fjármálafyrirtækjum en
auk þeirra ber fjölda annarra lögaðila
skylda til að tilkynna um grunsamlegt
athæfi þegar kemur að peningaþvætti.
Það ætti ekki að koma á óvart þar sem
ljóst er að starfsmenn íslenskra fjár-
málafyrirtækja eru vel á verði í barátt-
unni gegn peningaþvætti.

Sem dæmi um þetta má nefna að
afrakstur fíkniefnasölu getur verið
mikill og yfirleitt um reiðufé að ræða.
Ef fjármunirnir eru umtalsverðir
getur verið erfitt fyrir fíkniefnasala að
útskýra fyrir fjármálafyrirtæki hvers
vegna hann vill leggja svo mikið reiðu-
fé inn á reikning. Á sama hátt myndi
t.d. vekja grunsemdir ef hann reyndi

56

SFR

Varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru samstarfsverkefni einkageirans og hins opinbera.

að kaupa sér fasteign eða dýra skartgripni með reiðufé.

Vegna þessa er nauðsynlegt fyrir fíkniefnasalann að þvætta þetta illa fengna fé og láta líta út fyrir að þess hafi verið aflað heiðarlega. Hann getur t.d. stofnað rekstur í atvinnugrein sem almennt er viðurkennt að skili miklum tekjum í reiðufé, færð hina illa fengnu fjármuni inn í reksturinn og greitt sér laun eða arð af þeim. Þá fær hann reiðufénu breytt í laun eða arð sem hann getur lagt inn á bankareikning og tekið þaðan út og notað án grunsemda.

Varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru samstarfsverkefni einkageirans og hins opinbera. Í þessu verkefni gegna stjórnvöld eins og lögregla, fjármálaeftirlit og skattayfirvöld lykilhlutverki. Í einkageiranum eru það ekki bara fjármálafyrirtækin sem bera þá samfélagslegu ábyrgð að tilkynna um grun um peningabætti til lögreglu heldur hvílir sú skylda einnig á öðrum aðilum svo sem líftryggingafélögum, lífeyrissjóðum, váttryggingamiðlurum, lögmönnum, endurskoðendum, gjaldeyrismiðlurum og fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölum.



Á sama hátt og Fjármálaeftirlitið hefur sett fram leiðbeinandi tilmæli til hérlendra fjármálafyrirtækja um hvernig þau eigi að sinna hlutverki sínu á grunni laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka væri æskilegt að stjórnvöld leiðbeindu öðrum aðilum sem hlutverki hafa að gegna á grunni laganna um hvernig þeir geti sinnt skyldu sinni sem best. Reynslan hefur sýnt að nánast engar tilkynningar um peningaþvætti berast lögreglu frá öðrum en fjármálafyrirtækjum, sem sýnir að brotalöm er í kerfinu sem ástæða er til að sameinast um að bæta úr.

SFF hafa lengi bent stjórnvöldum á mikilvægi þess að sinna vörnum gegn peningaþvætti þannig að ríkið standi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem það hefur gengist undir í þessum efnum. Því voru það mikil vonbrigði þegar Financial Action Task Force (FATF) setti Ísland á lista yfir þau lönd sem þurfa að bæta sig þegar kemur að baráttunni gegn peningaþvætti. Atriðin sem FATF gerir athugasemdir við samkvæmt tilkynningu stjórnvalda snúa

að styrkingu innviða lögreglu, setningu laga um starfsemi almannaheillafélaga, setningu laga og framfylgd eftirlits um meðhöndlun kyrrsettra fjármuna og að tryggja þurfi tímanlegan aðgang að upplýsingum um raunverulega eigendur hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Athugasemdirnar lutu þannig ekki að þætti fjármálafyrirtækja heldur ríkisins í framkvæmd vegna varna gegn peningaþvætti.

Mikilvægi samstöðu

Mikil samstaða ríkir meðal vestrænna ríkja um nauðsyn samstarfs og samþættingar þegar kemur að baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þetta á sér stað í samstarfi ríkja og einnig í nánari samvinnu fyrirtækja sem starfa þvert á landamæri líkt og fjármálafyrirtæki. Það er nauðsynlegt að allir – hið opinbera jafnt sem einkageirinn – leggi sín lóð á vogarskálarnar þegar kemur að þessum málum. Við treystum á að önnur ríki standi við sitt í vörnum gegn peningaþvætti og þau eiga að geta treyst á að við gerum hið sama. ■

Mikil samstaða ríkir meðal vestrænna ríkja um nauðsyn samstarfs og samþættingar þegar kemur að baráttunni gegn peningaþvætti.

**Tilgangur
Fjártækniklasans er
að efla nýsköpun í
fjármálum og gera
viðskipti af öllu tagi
auðveldari og betri.**

SFF og fjártæknibyltingin

Fjöldi íslenskra nýsköpunarfyrirtækja sækir nú fram ásamt öðrum íslenskum fjármálafyrirtækjum í krafti fjártæknibyltingarinnar sem gengur yfir. Þetta eru fyrirtæki sem nýta sér bálkakeðjur, rafmyntir, hátíðniviðskipti, gervigreind og aðra anga fjártækninnar til að skapa nýjar víddir fjármála- og tryggingaþjónustu. Þau starfa bæði á íslenskum og alþjóðlegum markaði og eru hluti af stærri byltingu sem kennd er við fjártækni. Aðildarfélög SFF taka virkan þátt í þessari byltingu í samstarfi við fjártæknifyrirtæki auk þess sem þau þróa nýjar stafrænar lausnir til þess

að geta komið til móts við þarfir viðskiptavina sinna.

Í lok október 2018 var íslenski Fjártækniklasinn stofnaður og voru SFF stofnmeðlimir. Tilgangur Fjártækniklasans er að efla nýsköpun í fjármálum og gera viðskipti af öllu tagi auðveldari og betri. Hann er samfélag þeirra sem starfa við fjártækni og vilja stuðla að aukinni verðmætasköpun, samkeppni og bættum lífshjörum.

SFF hefur staðið að tveimur vel heppnuðum fundum með Fjártækniklasanum undanfarið ár. Þann 1. nóvember 2018 stóðu SFF og Fjár-



Markmið fundarins var að kortleggja stöðuna eins og hún er í dag og mynda farveg til frekari sóknar íslenskrar fjártækni.

tækniklasinn fyrir fjölsóttum fundi um kortlagningu íslenskra fjártækni-geirans. Á fundinum fluttu fulltrúar nítján íslenskra fyrirtækja innan fjártækni-geirans, allir úr ólíkum greinum hans, fyrirlestra um hvað væri helst að gerast á þeim sviðum sem þeir starfa á. Markmið fundarins var að kortleggja stöðuna eins og hún er í dag og mynda farveg til frekari sóknar íslenskrar fjártækni. Nú er unnið að því að uppfæra þessa kortlagningu og

er gert ráð fyrir að skýrsla um málið komi út síðar í vetur.

Í október 2019 stóðu svo SFF og Fjártækniklasinn fyrir málþingi undir yfirskriftinni Áskoranir og ávextir í augnhæð – næstu verkefni í fjártækni. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir nýsköpunarráðherra setti ráðstefnuna og í kjölfarið vörpuðu fyrirlesarar í fremstu víglínu framþróunar fjártækni og fjármálaþjónustu hér á landi ljósi á helstu verkefni fram undan.

SVIPMYNDIR FRÁ FUNDUM SFF





SVIPMYNDIR FRÁ FUNDUM SFF





64 | SFF

Með tilkomu fjártækninnar geta viðskiptavinir fjármálafyrirtækja þannig sótt um lánaþingreiðslu á Netinu á nokkrum mínútum.

Rukkað inn á fjártækniþytinguna

Eitt af þeim málum sem SFF hafa reynt að vekja athygli stjórnvalda á og tengist þeim verkefnum sem þarf að leysa til að treysta framgang fjártækninnar er hvernig gjaldtöku er hagað vegna upplýsingasöfnunar í tengslum við lánaþingreiðslu og önnur bankaviðskipti.

Með tilkomu fjártækninnar geta viðskiptavinir fjármálafyrirtækja þannig sótt um lánaþingreiðslu á Netinu á nokkrum mínútum. Fyrir nokkrum árum kallaði slíkt á fjölmargar ferðir viðskiptavina í útibú og stofnanir til að safna viðeigandi gögnum.

Þessari þróun fylgir mikið hagræði og veruleg tækifæri eru að myndast til þess að lækka kostnað í fjármálakerfinu viðskiptavinum þess til hagsbóta. Brýnt er að umgjörð þessarar þróunar sé með þeim hætti að tryggt sé að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja njóti góðs af og að hún fullnýti þá hagræðingu sem er innan seilingar. Því miður hafa fjármálafyrirtækin rekið sig á að opinberar stofnanir haga ekki alltaf málum með þessum hætti.



Þrátt fyrir að einstaklingar geti sótt upplýsingar frá stofnunum á borð við Ríkisskattstjóra og Þjóðskrá án endurgjalds er innheimt sérstakt gjald ef fjármálafyrirtæki sækir þessar sömu upplýsingar til þessara stofnana í tengslum við lánaþingreiðslu. Þar sem stór hluti viðskiptavina kýs



að sækja um lánaþyrirgreiðslu með rafrænum hætti eru viðskiptabankar farnir að greiða verulegar upphæðir fyrir aðgang að upplýsingum á borð við skattskýrslur og fasteignamat. Þetta fyrirkomulag vinnur einnig gegn þeim heilbrigðu hvötum sem felast í stafrænni þróun og fjártæknibyltingunni

til að gera fjármálaþjónustu skilvirkari, neytendum til hagsbóta. SFF hafa þess vegna verið í samskiptum við stjórnvöld og átt í samtali um hvernig beri að haga fyrirkomulaginu þegar fyrirtæki þurfa að sækja gögn til hins opinbera með það að markmiði að hámarka hag viðskiptavina.

Þessi hraða sókn
hefur meðal annars
byggst á vel heppnaðri
innleiðingu notkunar
rafrænna skilríkja.



Hröð framþróun

Eins og viðskiptavinir aðildarféлага SFF hafa tekið eftir hefur framþróun stafrænnar þjónustu verið hröð á undanförunum árum. Nú er staðan sú að viðskiptavinir geta sinnt nánast öllum samskiptum sínum við fjármála- og váttryggingafélög með stafrænum

hætti. Gildir þá einu hvort um er að ræða endurnýjun trygginga, umsókn um lánafyrirgreiðslu og allt þar á milli.

Þessi hraða sókn hefur meðal annars byggst á vel heppnaðri innleiðingu notkunar rafrænna skilríkja. Í dag eru um 100 þúsund Íslendingar með slík skilríki og tæplega 200

fyrirtæki, ríkisstofnanir og félagasamtök taka við þeim. Þetta hefur leitt til aukins hagræðis og skilvirkni í samskiptum einstaklinga og lögaðila enda bjóða rafræn skilríki upp á örugga og nútímalega leið til komast að læstum notendasvæðum á borð við netbanka eða þjónustusvæði skatta- og tollayfirvalda og váttryggingafélaga.

Kosturinn við rafrænu skilríkin er að þau gefa færi á rafrænni undirskrift sem jafngildir því að pappírsgögn séu undirrituð með eigin hendi. Þannig er hægt að undirrita skjöl án þess að mæta á staðinn sem felur í sér mikið hagræði bæði fyrir notendur og veitendur ólíkrar þjónustu.

Árið 2014 undirrituðu Samtök fjármálafyrirtækja og þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra viljayfirlýsingu um stóraukna notkun rafrænna skilríkja. Síðan hafa fá en mikilvæg skref verið stigin til þess að fullnýta kosti rafrænna skilríkja. Eitt af markmiðunum sem stjórnvöld settu sér með viljayfirlýsingunni var að gera þinglýsingar veðskuldabréfa rafrænar innan tveggja ára. Á móti settu Samtök

fjármálafyrirtækja sér þá stefnu að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja gætu undirritað helstu skjöl með rafrænum skilríkjum innan tveggja ára. Rafrænu undirskriftirnar voru þannig forsenda áforma um að gera þinglýsingar rafrænar. Nú hafa fjármálafyrirtæki rafrætt lánaferli sín að töluverðu leyti og þróunin er hröð innan fyrirtækjanna í þessa átt. Stjórnvöld hafa samþykkt lög um rafrænar þinglýsingar sem munu brátt hefja innreið sína.

Rafrænar undirskriftir og rafrænar þinglýsingar geta skilað miklu hagræði á sviði fjármálaþjónustu og öðrum sviðum samfélagsins. Stjórnvöld hafa áætlað að heildarsparnaður samfélagsins vegna rafrænna þinglýsinga geti numið tæpum 400 milljónum króna á ári hverju. Það hagræði mun skila sér til heimila og fyrirtækja og treysta samkeppnishæfni Íslands. Því er mikilvægt að stjórnvöld leggist á árar með einkageiranum við að auka hagræði og skilvirkni. Það er öllum til hagsbóta og skiptir sköpum við að búa til umhverfi stjórnsýslu og viðskipta sem komandi kynslóðir munu sætta sig við. ■

Kosturinn við rafrænu skilríkin er að þau gefa færi á rafrænni undirskrift sem jafngildir því að pappírsgögn séu undirrituð með eigin hendi.

Fjármálavit og fræðslumál

Almennt fjármálalæsi skiptir fjármálafyrirtæki miklu máli. Það þjónar hagsmunum fjármálafyrirtækja að viðskiptavinir þeirra séu upplýstir og ábyrgir í fjármálum sínum. Góð þekking á eigin stöðu, getu og áhættu mun skila betri niðurstöðu fyrir bæði fjármálafyrirtæki og neytendur sjálfa og þannig samfélagið allt. Samtök fjármálafyrirtækja hafa reynt að stuðla að auknu fjármálalæsi undanfarinn áratug og er þetta orðinn veigamikill þáttur í starfi samtakanna.

Fjármálavit er flaggskip samtakanna þegar kemur að fræðslu ungs fólks. Um er að ræða námsefni sem

SFF hefur þróað í samstarfi við sérfræðinga og er ætlað ungu fólki í efstu bekkjum grunnskóla og til að veita kennurum innblástur í kennslu í fjármálalæsi. Vorið 2017 var fleiri stöðum skotið undir Fjármálavit þegar Landsamtök lífeyrissjóða gengu til liðs við verkefnið.

Á hverjum vetri heimsækja starfsmenn aðildarfélaga SFF og Landsamtaka lífeyrissjóðanna nemendur í 10. bekk í nánast öllum grunnskólum landsins og leiðbeina nemendum við úrlausn verkefna Fjármálavits.

Lögð er áhersla á þætti í fjármálum sem mikilvægt er að allir unglingar



tileinki sér. Þetta eru þættir eins og hvað það þýðir að taka lán, hvernig hægt er að setja sér markmið og spara fyrir þeim, t.d. fyrir tölvu, ökutæki, ferðalagi eða jafnvel fyrstu íbúðakaupum. Einnig eru nemendur fræddir um tryggingar og lífeyrismál auk þess sem unglingar eru margir farnir að vinna meðfram skóla og þurfa því að átta sig á hugtökum launaseðilsins.

Viðtökur nemenda og kennara við þessum heimsóknum hafa verið mjög góðar undanfarin ár og er mikil eftirspurn eftir slíkum heimsóknum og námsefni á vegum Fjármálavits. Á þeim tíma sem Fjármálavit hefur verið haldið úti hafa yfir 400 starfsmenn aðildarfélaga samtakanna heimsótt allfesta grunnskóla landsins ár hvert og unnið verkefni Fjármálavits með



nemendum. Með Fjármálaviti hafa SFF leitt saman krafta aðildarfélaga sinna og þar með gert starfsfólki úr ólíkum fjármálafyrirtækjum kleift að vinna saman að verkefni sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið. Styrkur Fjármálavits felst ekki síst í þeim fjölda starfsmanna aðildarfélaga SFF um allt land sem taka þátt í heim-sóknum Fjármálavits á sínu svæði og miðla þannig þekkingu sinni og reynslu. Í skólaheimsóknum eru menn ekki starfsmenn einstakra fjármála-fyrirtækja heldur sérfræðingar sem koma saman undir hatti Fjármálavits.



Leitast er við að höfða til almennrar skynsemi nemenda og leiða þá í sannleikann um hvaða ábyrgð þeir þurfi að sýna í fjármálum til þess að ná markmiðum sínum.

Námsefnið er aðgengilegt á vefsíðu Fjármálavits þar sem kennslubókin „Fyrstu skref í fjármálum“ eftir Gunnar Baldvinsson er í forgrunni, en hún hentar vel til kennslu í fjár-





málalæsi í efstu bekkjum grunnskóla. Fjármálavit hefur undanfarin ár gefið grunnskólum landsins bókina handa nemendum og hefur hún fengið góðar undirtektir kennara. Bókin er þegar víða orðin fastur liður í kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum landsins.

Það er til marks um að starf SFF í þágu fjármálafræðslu vekur eftirtekt að Evrópsku bankasamtökin létu þýða

bókina á ensku og gáfu hana út og hafa fjölmargir kennarar víðsvegar í Evrópu fengið kynningu á bókinni. Nú þegar er hafin vinna við að þýða hana á fleiri tungumál.

Evrópukeppnin í fjármálalæsi

Evrópukeppnin í fjármálalæsi er árlegur viðburður Evrópsku bankasamtakanna og standa SFF að



undankeppninni hér heima í tengslum við verkefnið Fjármálavit.

Undankeppnin fer þannig fram að nemendur í 10. bekk í grunnskólum landsins keppa sín á milli og svara spurningaleik sem hannaður er út frá þekkingarramma PISA fyrir fjármálalæsi 15 ára nemenda. Sá skóli sem stendur uppi sem sigurvegari sendir tvo fulltrúa til að keppa í lokakeppninni sem er haldin í Brussel ár hvert. Íslenskir nemendur hafa tvisvar tekið þátt, fulltrúar frá Austurbæjarskóla í Reykjavík og Nesskóla á Neskaupstað sem sigruðu í innlendu keppninni og fóru utan. Nú stendur yfir undirbún-

ingur fyrir næstu undankeppni á Íslandi sem fer fram dagana 4.–13. mars 2020 og í kjölfarið verður úrslitakeppnin í Brussel 28.–29. apríl en þar kemur í ljós frá hvaða landi þeir koma sem hreppa Evrópumeistaratitilinn í fjármálalæsi árið 2020.

Fræðsla og forvarnir

Börn og ungmenni standa nær daglega frammi fyrir ákvörðunum um ráðstöfun peninga. Því er fræðsla um þjónustu og fjármálavörur lykilatriði þegar kemur að því að ala upp einstaklinga vel læsa á fjármál. SFF beita sér ekki eingöngu fyrir eflingu fjármála-

Samtökin taka einnig virkan þátt í opinberri umræðu um málaflokkinn og ráðast í gerð ýmiss konar fræðsluefnis fyrir samfélagsmiðla sem er ætlað að vekja athygli á mikilvægi þess að unglingar kunni fótum sínum forráð í fjármálum.

Á ráðstefnunni var tekið til umfjöllunar hvernig best er hægt að tryggja að ungt fólk kunni fótum sínum forráð í þessu nýja umhverfi fjármálanna.



læsis með heimsóknum í grunnskóla. Samtökin taka einnig virkan þátt í opinberri umræðu um málaflokkinn og ráðast í gerð ýmiss konar fræðsluefnis fyrir samfélagsmiðla sem er ætlað að vekja athygli á mikilvægi þess að unglingar kunni fótum sínum forráð í fjármálum.

SFF stóðu ásamt umboðsmanni skuldara fyrir ráðstefnu um ungt fólk og lánamarkaðinn á Grand Hótel þann 25. mars síðastliðinn. Tílefni ráðstefnunnar var meðal annars að á undanförunum misserum hefur ungu fólki sem hefur þurft að leita til umboðsmanns skuldara fjölgað umtalsvert vegna svokallaðra smálána. Á sama tíma á sér stað aukin sjálfvirknivæðing í lánastarfsemi sem er alþjóðleg þróun en ekki séríslensk.

Á ráðstefnunni var tekið til umfjöllunar hvernig best er hægt að tryggja að ungt fólk kunni fótum sínum forráð í þessu nýja umhverfi fjármálanna.

Einnig var fjallað um nýlega skýrslu stjórnvalda um endurskoðun á starfsumhverfi smálánafyrirtækja. Skýrslan mælir fyrir úrbótum á starfsumhverfi þeirra til þess að tryggja stöðu neytenda gagnvart þeim enn frekar. SFF áttu fulltrúa í nefndinni sem gerði skýrsluna fyrir ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar. Í starfinu lagði hann meðal annars áherslu á að tryggt yrði að nauðsynlegar úrbætur á löggjöf um smálánafyrirtæki takmörkuðu ekki þá nýsköpun sem stendur yfir á lánamarkaði með tilkomu fjártækninnar.



Þá hafa SFF látið gera fjölda myndbanda sem eru aðgengileg á samfélagsmiðlum og endurspegla veruleika ungmenna og þær hættur sem kunna að stafa af því þegar þeir fara að reiða sig um of á lán til þess að fjármagna neyslu.

Vottun fjármálaráðgjafa og váttryggingastarfsmanna

Segja má að áherslur Samtaka fjármálafyrirtækja í fræðslumálum séu tvíþættar: Í fyrsta lagi að leggja sitt af mörkum til þess að efla fjármála-

læsi upprennandi kynslóða með verkefnum á borð við Fjármálavit og í annan stað að auka gæði þeirrar fjármálaráðgjafar sem veitt er hverju sinni innan starfandi fjármálafyrirtækja. Til þess að mæta kröfum viðskiptavina fjármálafyrirtækja um faglega ráðgjöf hafa SFF staðið fyrir verkefni um vottun fjármálaráðgjafa og váttryggingafræðinga.

Í maí útskrifuðust 18 starfsmenn aðildarfélaga SFF úr vottunarnámi fjármálaráðgjafa en þetta er í áttunda sinn sem fjármálaráðgjafar

Í maí útskrifuðust 18 starfsmenn aðildarfélaga SFF úr vottunarnámi fjármálaráðgjafa en þetta er í áttunda sinn sem fjármálaráðgjafar hljóta vottun.



hljóta vottun. Vátryggingaráðgjafar voru vottaðir í fjórða sinn árið 2018. Nú hafa hátt í 300 starfsmenn aðildarfélagi SFF hlotið slíka vottun.

Markmið vottunarinnar er að samræma þær kröfur sem eru gerðar til ráðgjafa á fjármálamarkaði og tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi. Verkefnið á sér norska fyr-

irmynd en slíkt vottunarferli hefur verið að ryðja sér til rúms í nágrannalöndunum á undanförunum árum. Að vottunar-náminu standa Samtök fjármálafyrirtækja, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Háskólinn á Bifröst, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. ■

Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvari fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra og stuðla að því að starfsskilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF vinna að jöfnum skilyrðum fyrir öll fjármálafyrirtæki sem keppa á sama markaði, án tillits til stærðar og eignarhalds. Samtökin hafa bætt samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og heilbrigða fjármálastarfsemi í forgrunni í störfum sínum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. SFF leggja áherslu á að traust og öflugt fjármálakerfi er forsenda efnahagsframfara og þess að atvinnulíf og heimili njóti góðrar fjármálaþjónustu. SFF taka virkan þátt í samstarfi á alþjóðavettvangi en samtökin eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Evrópsku tryggingasamtökunum (IE). Virk þátttaka í erlendu samstarfi skiptir miklu máli fyrir samtökin, enda starfa íslensk fjármálafyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi vegna mikilvægis útflutningsiðnaðar fyrir íslenska hagkerfið og einnig vegna hins evrópska lagaumhverfis sem gildir um starfsemi þeirra. ■

Arctica Finance

Kvika

Arion banki hf.

Landsbankinn hf.

Borgun

Landsbréf

GAMMA Capital Management

Lánasjóður sveitarfélaga

Íslandsbanki

Líftryggingafélag Íslands

Íslandssjóðir

Líftryggingamiðstöðin

Íslensk verðbréf

Lykill

Aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja

Sjóvá

T Plús

Sjóvá-Almennar líftryggingar

Tryggingamiðstöðin

Sparisjóður Austurlands

Valitor

Sparisjóður Höfðhverfinga

Vátryggingafélag Íslands


Sparisjóður Strandamanna

Vörður tryggingar

Sparisjóður Suður-Þingeyinga

Vörður líf

Stefnir



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association